



Málþing UEFA um knattspyrnu kvenna



Auk umræðu um ofangreinda skýrslu voru jafnframt nokkrar kynningar, m.a. á Hollensku deildinni og árangursríkum fjárfestingum og svo pallborðsumræður um almenna þátttöku og ímynd knattspyrnu kvenna.

Í tengslum við úrslitaleik Meistaradeildar kvenna hélt UEFA málþing um knattspyrnu kvenna en leikurinn fór fram á Philips Stadion í Eindhoven í Hollandi þann 3. júní s.l. Birgir Jóhannsson framkvæmdastjóri ÍTF var á málþinginu og leiknum í boði UEFA en þar var jafnframt formaður KSÍ, Vanda Sigurgeirsdóttir og fulltrúi Stjórnunnar, Þorvaldur Örylgsson. Á málþinginu var sérstaklega verið að ræða um þá miklu sókn sem knattspyrna kvenna er í um þessar mundir og þá möguleika sem framundan eru. Í skýrslu sem gefin var út í ágúst á síðasta ári, „Business Case for Women's Football project“, eru ýmsar afar áhugaverðar upplýsingar sem voru til umræðu á málþinginu. Skýrsluna má finna hér ["Business Case for Women's Football Project"](#)

Í skýrslunni kemur m.a. fram að áhugi hefur aukist verulega á knattspyrnu kvenna að undanförunu, hvert áhorfsmetið slegið af öðru og mjög mikir möguleikar felast í auknum sjónvarpstekjum og öðrum réttindatekjum á næstu árum. Enn sem komið er eru þó aðeins tvær deildir í Evrópu sem sýna alla leiki í beinni útsendingu í sjónvarpi, þ.e. Besta deild kvenna á Íslandi og Toppserien í Noregi. Því miður eru all margar deildir enn sem sýna örfáa leiki í beinni útsendingu, jafnvel ekki einn leik í umferð á heilu keppnistímabili að jafnaði en með auknum áhuga mun þeim fjölga á næstunni.



Forseti UEFA, Aleksander Ceferin fyrir úrslitaleikinn



Nadine Kessler, fyrrverandi leikmaður Wolfsburg og leikmaður ársins 2014 er yfirmaður knattspyrnu kvenna hjá UEFA



Þorvaldur, Vanda og Birgir á úrslitaleik meistaradeildar kvenna

Erlendur sjónvarpsréttur á Bestu deild karla

Íslendingar á erlendri grundu geta nú horft á beinar útsendingar frá leikjum í Bestu deild karla en hægt er að horfa á leikina endurgjaldslaust á vefsíðum OneFootball og FIFA+.

Á vefsíðum og appi OneFootball og FIFA+ er hægt að horfa á nokkrar deildir héðan frá Íslandi en um er að ræða samstarfsverkefni European Leagues og 9 deilda í Evrópu.

Sjónvarpsrétturinn var seldur í lok árs 2021 og er eins og áður segir hægt að horfa á Bestu deild karla endurgjaldslaust utan Íslands í HD gæðum. Að sama skapi er hægt að horfa á hinar 8 deildirnar hér á Íslandi en þar á meðal eru danska Superliga, norska Eliteserien og svissneska deildin.

Gert er ráð fyrir því að fleiri deildir bætist í þetta samstarfsverkefni á næstu misserum.



Vandamál í útsendingum frá Lengjudeild karla

Nokkur vandkvæði hafa verið á útsendingum frá Lengjudeild karla en eins og áður hefur komið fram er ÍTF í samstarfi við Oz um útsendingarnar.

Fram hafa komið ýmis vandamál sem m.a. tengjast nettenginum á nokkrum völlum auk þess sem ýmis tæknibúnaður frá OZ hefur ekki borist til landsins á réttum tíma. Nú horfir hins vegar til betri tíma og ættu útsendingarnar núna að vera komnar í þokkalega gott stand.

Þegar líður á sumarið munu fleiri myndavélar bætast við á vellina og ættu allmargir leikir að vera sýndir með 2-6 myndavélum.

Fundað var félögunum við upphaf 6.umferðar í deildinni og farið yfir þau atriði sem ekki hafa verið í lagi hingað til og allir aðilar staðráðnir í að lagfæra þannig að hægt verði að bjóða upp á gæðaútsendingar frá deildinni þegar líður á tímabilið.

Kynning á Opta

Fimmtudaginn 8.júní var kynning á greiningafyrirtækinu Opta sem heldur utan um tölfræði í Bestu deild karla. Fulltrúar Opta voru hér á landi að funda með SÝN og öðrum sjónvarpsframleiðendum til þess að kynna fyrir þeim þá möguleika sem felast í tölfræðigögnum frá fyrirtækinu. Það kom því upp sú hugmynd að fá fyrirtækið til þess að funda jafnframt með félögum ÍTF og sýna þeim hvað felst í þeim gögnum sem Opta safnar saman. Fulltrúar 12 félaga mættu á fundinn með Opta.

Miklir möguleikar eru bæði fyrir sjónvarpsframleiðendur og félögin sjálf að nýta þessi gögn í upplýsingagjöf fyrir áhorfendur og voru þeir möguleikar kynntir á fundinum. ÍTF vinnur að því að gera öll tölfræðigögn aðgengilegri á miðlum Bestu deildar og samstarfsaðila.

	SKÝRSLAN	
1	Mörk	1
1.53	xG	1.54
43.4%	Með boltann	56.6%
277/351	Sendingar	345/410
79%	Sendingahlutfall	84%
10	Skot	12
4	Skot á mark	4
3	Skot utan teig	4



Áhugavert verkefni í Hafnarfirði – Hybrid gras á æfingarsvæði

Ástand grasvalla hefur verið í umræðunni í upphafi tímabilsins og ástand þeirra slæmt vegna veðurskilyrða undanfarin misseri. Með lengingu tímabilsins í Bestu deildum liggur fyrir að skoða þarf alla möguleika á því að vellir verði þökkalega vel tilbúnir þegar flautað er til leiks í apríl. Í Hafnarfirði standa nú yfir framkvæmdir á vallarsvæði FH þar sem leggja á hybrid gras á æfingarsvæði við hlið Skessunnar en gert er ráð fyrir að vallarsvæðið, sem er um 120m x 115m að stærð, verði tilbúið til notkunar í haust.

Fyrirtækið SIS pitches sér um framkvæmdina í Hafnarfirði en það fyrirtæki lagði t.d. vellina á HM í Rússlandi og er í samstarfi við fjölmörg stórlíð eins og Barcelona, Man.Utd., Glasgow Rangers o.fl. Það er áhugavert fyrir alla eigendur og rekstraraðila knattspyrnuvalla að fylgjast með þessari framkvæmd þar sem hugsanlegt er að þarna sé komin ein af lausnum á þeim vandamálum sem knattspyrnuhreyfingin stendur frammi fyrir bæði hvað varðar ástand grasvalla og líka hvað varðar notkun á gervigrasvöllum með efni sem bannað verður innan fárra ára.



Viðar Halldórsson formaður FH í þungum framkvæmdaþönkum



Vel sótt samkoma af Baklandsfélögum Fjölнис

Kynning á ÍTF fyrir Baklandi Fjölнис

Framkvæmdastjóra ÍTF og markaðsstjóra ÍTF var boðið á samkomu Baklands Fjölнис þann 24. apríl s.l. þar sem þeir voru með kynningu á hlutverki og starfsemi samtakanna. Bakland Fjölнис er öflugur fjárhagslegur og félagslegur stuðningsaðili meistaraflokka karla og kvenna í fótbolta hjá félaginu.

Samkoman var vel sótt og kynningin vakti mikla athygli viðstaddra sem höfðu mikinn áhuga á þeim upplýsingum sem fram komu.

Það er gríðarlega mikilvægt að félagsmenn aðildarfélaganna ÍTF séu vel upplýstir um hlutverk og starfsemi samtakanna og eru aðildarfélög hvött til þess að fá slíkar kynningar inn á viðburði sem þau kunna að halda. Starfsmenn ÍTF eru ávallt reiðubúnir að halda slíkar kynningar og mæta á hvers kyns viðburði til þess að upplýsa félagsmenn og kynna betur starfsemina og nú þegar er fyrirhugað að funda með HK í júnímánuði.





SPLIT PROPOSAL OF GLOBAL REVENUES – 2024/27

	2021-24 (Current model)		2024-27 (Projections with EL proposal)	
	EUR	% in Total	EUR	% in Total
Global Income	3'500	100%	5'000	100%
Competition Costs	323.2	9.23%	400	8%
Qualifying Rounds	105	3%	150	3%
Solidarity NPC	140	4%*	500	10%
UWCL	10	0.29%	15	0.3%
Net Result	2'921.8	83.48%	3'935	78.7%
UEFA Share	189.9	5.43%	250	5%
Participating Clubs Share	2'731.9	78.05%	3'685	73.7%

European Leagues leggur til mikla aukningu greiðslna til félagsliða vegna UEFA móta

European Leagues, samtök deilda í Evrópu, sem ÍTF er aðili að, hafa lagt til verulega hækkun á greiðslum til félagsliða sem ekki taka þátt í riðlakeppnum UEFA móta af tekjum mótanna. Um gríðarlega mikla fjármuni er að ræða en gert er ráð fyrir því að á árunum 2024 – 2027 verði 4% af tekjum þessara móta varið til samstöðugreiðslna (Solidarity payments) til þeirra félaga í efstu deildum í Evrópu sem ekki taka þátt í riðlakeppnum, en það er áætlað um 200 milljónir EUR eða um 30 milljarðar íslenskra króna. Tillaga European Leagues er á þann veg að í stað þess að 200 milljónir EUR fari til þessara félaga, eða 4% af tekjum mótanna, fari 10% af tekjunum, eða um 500 milljónir EUR í samstöðugreiðslur. Sé miðað við núverandi fyrirkomulag gætu því þá þessar samstöðugreiðslur til íslenskra félagsliða í Bestu deild karla hækkað úr rúmlega 12 milljónum (2022) í yfir 35 milljónir króna á ári.

Eftir sem áður fer samt langstærstur hluti tekna af þessum mótum til félagsliðanna sem ná þeim árangri að taka þátt í riðlakeppnum en um 74% fara þá til 108 félaga en 10% af tekjunum fara til u.þ.b. 635 félagsliða gangi þessi tillaga eftir. Greiðslur til félagsliðanna miðast við stöðu viðkomandi deildar í Evrópu og þar sem við höfum verið að hækka á listanum undanfarið eftir býsna mögur ár er líklegt að greiðslur muni hækka jafnvel þó að þessi 10% tillaga verði ekki samþykkt.

Það er vert fyrir okkar félagslið og samtök þeirra að fylgjast vel með framgangi mála enda um mikið hagsmunamál að ræða.


Á myndinni hér að ofan má sjá núverandi skiptingu og svo skiptingu fjármuna miðað við tillögu European Leagues.

Liðin í Bestu deild karla fengu eins og áður segir um 12 milljónir króna á síðasta ári í samstöðugreiðslur miðað við þáverandi gengi EUR en enn sem komið er eru sömu greiðslur til liða í Bestu deild kvenna mun lægri og voru á síðasta ári EUR 15.789 eða ríflega 2 milljónir króna á þáverandi gengi. Þróunin færir þó í rétta átt þar sem að á síðasta ári voru í fyrsta skipti greiddar út samstöðugreiðslur til liða í kvennadeildum sem ekki tóku þátt í riðlakeppni meistaradeildarinnar.

Áætlað er að tillagan verði tekin fyrir innan UEFA í ágúst/september og ætti þá að liggja fyrir í haust hver niðurstaðan verður með skiptingu fjármuna næstu 4 ár.



Hlutfallsleg skipting fjármuna frá keppnum UEFA á milli liða gangi tillaga EL eftir



Aukning á áhorfendafjölda í Bestu deild karla

Að loknum 10 umferðum í Bestu deild karla er áhorfendafjöldi nokkuð meiri heldur en eftir 10 umferðir á síðasta keppnistímabili. Samtals hafa 53.557 áhorfendur verið á leikjunum 60 sem búnir eru í deildinni eða 893 áhorfendur að meðaltali á leik. Eftir 10 umferðir á síðasta tímabili höfðu 51.430 áhorfendur verið á leikjunum og er því aukningin á milli tímabila um 4%.

Flestir áhorfendur voru á leik Breiðabliks og Víkings í 10.umferð eða 1.915 en færstir voru á leik Keflavíkur og ÍBV í 4.umferð eða 275. Langflestir áhorfendur sáu fyrstu umferðina eða 7.255 en færstir sáu leikina í 8.umferð eða 4.290. Hér að ofan má sjá samantekinn áhorfendafjölda í hverri umferð og samanburð við áhorfendafjölda í sömu umferðum á keppnistímabilinu 2022.


Framkvæmdastjóri ÍTF lýkur námi hjá European Leagues

Birgir Jóhannsson, framkvæmdastjóri ÍTF lauk nýverið námi á vegum European Leagues (EL) sem ætlað var stjórnendum deilda í Evrópu. Námið, *European Leagues' Executive Education Programme – ELEVATE*, er afar fjölbreytt og í fyrsta skipti sem EL standa fyrir slíku námi fyrir stjórnendur í deildasamtökum í Evrópu. Lokaáfangi námsins var í London þar sem m.a. framkvæmdastjóri Premier League kynnti starfsemina hjá deildinni. Það er mikilvægt fyrir félögin innan ÍTF og alla okkar starfsemi að við öðlumst frekari þekkingu og kynnum okkur starfsemina hjá öðrum deildum, miðlum reynslu og fáum að njóta reynslu annarra.



Birgir í góðum hópi stjórnenda í Evrópskum deildum

Áhorfstölur í Bestu deild kvenna - 7 umferðir



Aukning í áhorfendafjölda í Bestu deild kvenna

Að loknum 7 umferðum í Bestu deild kvenna er áhorfendafjöldi meiri en eftir 7 umferðir á síðasta keppnistímabili. Samtals hafa 7.725 áhorfendur verið á leikjunum 35 sem búnir eru í deildinni eða 221 áhorfendur að meðaltali á leik. Eftir 7 umferðir á síðasta tímabili höfðu 7.601 áhorfendur verið á leikjunum og er því fjölgun um 2%.

Flestir áhorfendur voru á leik Breiðabliks og Stjörnunnar í 7.umferð eða 823, en Breiðablik blés til hátíðar í samstarfi við Nike í tengslum við leikinn og hvatti stuðningsmenn til að mæta á leikinn og skilaði það sér í best sóttu leiknum til þessa á tímabilinu. Fæstir áhorfendur voru á leik Tindastóls og Stjörnunnar í 5.umferð eða 47. Flestir áhorfendur sáu fyrstu umferðina eða 1.662 en fæstir sáu leikina í 6.umferð eða 813

Hér að ofan má sjá samantekinn áhorfendafjölda í hverri umferð og samanburð við áhorfendafjölda í sömu umferðum á keppnistímabilinu 2022.

Hagræðing úrslita og veðmál leikmanna

Nýverið var leikmaður úr leikmannahópi liðs í Bestu deild karla dæmdur í leikbann út keppnistímabilið þar sem viðkomandi m.a. veðjaði á leiki eigin liðs. Rétt er að minna leikmenn á eftirfarandi úr reglugerð KSÍ:

- Leikmönnum er ekki heimilt að veðja á eigin leiki.
- Leikmönnum er ekki heimilt að veðja á leiki eigin félagsliðs.
- Leikmönnum er ekki heimilt að veðja á leiki í eigin deild.

Miðlun upplýsinga í þeim tilgangi að hafa áhrif á veðmál og fela í sér fjárhagslegan ávinning er óheimil. Brot á þessum reglum hefur í för með sér keppnisbann.

ÍTF fundaði nýverið með sænsku deildarsamtökunum sem hafa verið með mjög öfluga fræðslu fyrir leikmenn varðandi veðmál og tengsl við hagræðingu úrslita. Hverjum leikmanni í sænsku deildinni er gert skylt að taka námskeið hjá deildarsamtökunum á rafrænan hátt og þarf starfsmaður samtakanna að staðfesta þátttöku allra leikmanna. Jafnframt eru öll félögin í deildinni með heilindafulltrúa og ber honum að fylgja því eftir að leikmenn öðlist fræðslu. Unnið verður að því innan ÍTF að kanna möguleika á því að halda slíkt námskeið fyrir leikmenn í Bestu deildunum og jafnframt eiga frumkvæði að því að kanna stöðuna hér á landi.

Í könnun sem sænsku deildarsamtökin gerðu í samráði við Karólínska sjúkrahúsið í Svíþjóð kom fram að 10% leikmanna eiga í vandamálum varðandi veðmál á leiki og er litið á það sem stórt vandamál innan hreyfingarinnar.



ALLSVENSKAN NEWS PARTNER SUPERETTAN

100% implementation rate on the anti-match-fixing and responsible gambling educations